

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

2. tbl. 3. árg.

7. febrúar 2025



Morguninn 6. febrúar mátti víða sjá ummerki eftir veðurofsann.

Vonskuveður og hitamet

Veðurfar og fréttir af því hafa eflaust ekki farið framhá neinum undanfarið en vonskuveður hefur verið um land allt síðastliðna daga. Gular, appelsínugular og rauðar viðvaranir hafa verið í gildi en mesta óveðrið er nú yfirstaðið í bili. Hitatölur í Stykkishólmi fóru hins vegar upp í 11,7 stig laugard-

agskvöldið 1. febrúar en það er mesti hiti sem mælst hefur í Stykkishólmi í febrúarmánuði frá upphafi mælinga. En mælingar á hámarkshitastigi í Stykkishólmi ná aftur til ársins 1854. Áður var hæsti hiti sem mælst hafði í febrúar í Stykkishólmi 11 stig árið 1942. Veðurstofan opnaði á dögnum fyr-

sta hluta af nýjum vef sínum en það er fyrsta skrefið í umfangsmiklu verkefni sem snýr að endurnýjun á vefnum og öllu tækniumhverfi hans. Í fyrsta áfanga er áhersla lögð á upplýsingar fyrir veðurspár sem flestir sækja sér daglega. Fyrir utan bættu framsetningu á staðarspám hefur stöðum verið fjöl-

gað sem hægt er að kalla fram veðurspár og mun þeim stöðum fjölga enn frekar þegar fram líða stundir. Nýi vefurinn er undir vefslóðinni gottvedur.is en verður færður á slóðina vedur.is þegar hann er tilbúinn að fullu og tekur þá við af gamla vefnum.

Úthlutað úr Lista- og menningarsjóði



Stjórn Lista og menningarsjóðs kom saman til fundar föstudaginn 3. janúar í Ráðhúsi Stykkishólms. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn snemma í desember og var umsóknarfrestur til 1. janúar í samræmi við reglur sjóðsins. Fjögur verkefni hlutu styrk en alls úthlutaði sjóðurinn 600.000 krónum.. Anna

Melsteð hlaut 50.000 kr. styrk vegna miðlunar um Árna Thorlacius og fjölskyldu og 250.000 kr. styrk vegna sögu-miðlunar um miðbæ Stykkishólms. Gréta Sigurðardóttir hlaut 50.000 kr. styrk vegna Barnabókahátíðar. Skógræktarfélag Stykkishólms hlaut 250.000 kr. styrk fyrir skilti.



Brosmdir styrkþegar að lokinni úthlutun.

Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs

Föstudaginn 24. janúar fór fram úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands í Grundarfirði. Úthlutað var tæplega 48,5 mkr. og hlutu 68 verkefni styrk. Þetta var

fyrri úthlutun ársins og endurspeglar áframhaldandi stuðning sjóðsins við nýsköpun, atvinnuþróun og menningu á Vesturlandi. Alls bárust 111 umsóknir um styrk.

Verkefnin sem hlutu styrk falla undir þrjá flokka: menningarstyrki, stofn- og rekstrarstyrki menningarmála, og styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Nokkrir styrkir voru veittir til Hólmara eða verkefna tengdum Stykkishólmi. Þar á meðal má nefna eftirfarandi: Marey líftækni ehf. hlaut 1 milljón fyrir verkefnið Kraftur úr djúpi hafsins. Óskastundir slf. hlaut 600.000 kr. fyrir verkefnið Óskaganga – framhald. Glapræði ehf. hlaut 2,5 milljónir fyrir Sáturna 2025. Júlíana, félagsamtök hlutu 750.000 kr. fyrir Júlíönu -hátíð sögu og bóka 2025. Eyrbyggjufélagið hlaut 500.000 kr fyrir Eyrbyggjusögurefil. Hjördís Pálsdóttir hlaut 300.000 kr. fyrir tónlistarhátíðina Heima í Hólmi 2025 og Hera Guðlaugsdóttir hlaut 300.000 kr. fyrir verkefnið Andvarinn í himinsfari.

Samúðarkveðjur sendar til Örebro

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum átti sér stað skotárás í Campus Risbergska skólanum í Örebro,

vinabæ okkar í Svíþjóð, 5. febrúar síðastliðinn. Í kjölfar þessa hörmulegu atburða sendi Jakob Björgvin, bæjarstjóri,

samúðarkveðjur til Örebro fyrir hönd bæjarstjórnar og íbúa Stykkishólms. Í kveðjunni segir bæjarstjóri hug

okkar vera hjá íbúum Örebro og öllum þeim sem eiga um sárt að binda vegna atburðanna.

Velheppnað þorrablót að baki



Það var mikið um dýrðir á þorrablótinu í ár.

Þorrablót var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi 1. febrúar síðastliðinn. Afar vel tókst til og var ekki annað að sjá en gestir blótsins hafi skemmt sér konunglega enda skemmtiatriðin góð og öll umgjörð til fyrirmyndar. Þorrablótíð var fyrst haldið í Íþróttamiðstöðinni árið 2020 en hafði áður verið haldið á Hótel Stykkishólmi. Með því að færa þen-

nan árlega viðburð í íþróttamiðstöðina gefst pláss fyrir töluvert fleiri gesti, en undanfarin ár hafa æ fleiri brottfluttir Hólmamar sótt þorrablótin og fer þessi hátíð því ört vaxandi, sem kom bersýnilega í ljós í ár þegar 400 miðar sel dust upp á innan við klukkustund. Nefndin tilkynnti svo síðar að öllum þeim sem sóttust eftir miðum hafi verið tryggt sæti á blótinu.

Venju samkvæmt var ný þorrablótsnefnd kynnt til sögunnar að loknum skemmtiatriðum. En nýju nefndina skipa eftirtaldir:

Sólrún Ösp Jóhannsdóttir og Gissur Arnarsson, Svanhvit Sjöfn Skjaldardóttir og Jón Ólafur Jónsson, Gréta María Árnadóttir og Kári Hilmarsson, Sunna Guðný Högnadóttir og Hermann Hermannsson, Petrea Mjöll Elvars-

dóttir og Viktor Brimir Ásmundsson, Guðrún Magnea Magnúsdóttir og Snæbjörn Aðalsteins-son, Íris Fönn Pálsdóttir og Þorsteinn Már Ragnarsson, Edda Baldursdóttir og Rúnar Birgisson, Jóhann Garðar Eggertsson, Jóna Gréta Guðmundsdóttir, Elínbjörg K. Þorvarðardóttir. Formenn nefndarinnar eru þau Páll Vignir Þorbergsson og Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir.

Nýtt fólk í Ráðhúsinu



Puríður Ragna Stefánsdóttir hefur tekið til starfa í Ráðhúsinu í Stykkishólmi en hún sinnir stöðu skipulags- og umhverfisfulltrúa. Ráðið var í stöðuna á 31. fundi bæjarstjórnar þann 12. desember síðastliðinn. Þá hefur Gyða Steinsdóttir einnig tekið til starfa en hún var ráðin í stöðu fjármá-

la- og skrifstofustjóra á 28. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, þann 26. september síðastliðinn. Þór Örn Jónsson lætur af störfum sem bæjarritari þann 7. febrúar en hann hóf störf hjá sveitarfélaginu 1. janúar 2004. Þór eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins og gott samstarf.